

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

658. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 6. september 2010 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Erindi Hollvinasamtaka Efra-Núpskirkju.
3. Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
4. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi.
5. Erindi Áróru Hlínar Helgadóttur.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Rætt um byggingu gangstétta við Ásbraut, Bakkatún og Grundartún á Hvammstanga og Teigagrund á Laugarbakka, undirbúning að gerð deiliskipulags milli Syðri- og Ytri-Hvammssár austan Hvammstangabrautar og Norðurbrautar en óskað hefur verið eftir tilboði frá Landmótun í verkið. Einnig rætt um framkvæmdir við vaðlaug á sundlaugarsvæði íþróttamiðstöðvar, viðhald hitalagnar í rampi á söfnunarsvæði Hirðu og framkvæmdir við lagningu hitaveitu norðan Hvammstanga.
2. Fram lagt erindi Hollvinasamtaka Efra-Núpskirkju. Í erindinu kemur m.a. fram að samtökin hafi ásamt sóknarnefnd unnið að endurbótum á Efra-Núpskirkju og að stefnt sé að því að ljúka þeim endurbótum sumarið 2011 en þá eru 50 ár liðin frá vígslu kirkjunnar. Í erindinu er þess farið á leit við sveitarstjórn Húnaþings vestra að vegur fram Núpsdal sem liggur mjög nærri kirkjunni verði færður austur fyrir hana þannig að unnt verði að afmarka og girða af lóð hennar. Fram kemur að samrit erindisins hefur einnig verið sent sóknarnefnd Melstaðarsóknar og eigendum Efra-Núps. Byggðarráð felur sveitarstjóra í samráði við fjallskilastjórn Miðfirðinga skoðun málsins.
3. Fram lagt bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins en þar eru sveitarstjórnunum kynnt áform ráðuneytisins um framkvæmd stofnanaúttekta á þremur leikskólum og þremur grunnskólum á haustmiseri 2010. Byggðarráð lýsir yfir áhuga á því að slík úttekt verði unnin gagnvart leikskóla á skólaárinu 2011-2012.
4. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi lagt fram en þar er óskað umsagnar á umsókn Róberts Jóns Jack f.h. Geitafells ehf. um útgáfu leyfis til rekstrar veitingahúss/veitingastofu að Geitafelli í Húnaþingi vestra. Byggðarráð felur sveitarstjóra afgreiðslu erindisins í samráði við byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.
5. Lagt fram erindi Áróru Hlínar Helgadóttur þar sem þess er farið á leit við Húnaþing vestra að gerður verði þjónustusamningur til nokkurra ára við Skjanna ehf. um rafvirkjaþjónustu fyrir sveitarfélagið. Byggðarráð telur ekki eðlilegt að slíkir þjónustusamningar séu gerðir nema að undangengnu útboði og hafnar því erindinu.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. Sveitarstjóri greindi frá viðræðum er hann, oddviti og Ómar Karlsson f.h. B.B.H. útgerðar áttu við fulltrúa Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins um boðað bann á dragnótaveiðum í Hrútafirði, Húnafirði og Miðfirði. Sveitarstjóri upplýsti að ráðuneytið hafi um sl. mánaðarmót gefið út reglugerð þar sem horfið hefur verið frá áðurboðuðu banni og undanþága veitt til næstu áramóta til dragnótaveita í Hrútafirði og Miðfirði með ákveðnum takmörkunum. Byggðarráð fagnar viðbrögðum ráðuneytisins við óskum sveitarstjórnar og hagsmunaaðila um endurskoðun á áðurnefndu banni við dragnótaveiðum en slíkt bann hefði haft mjög neikvæð áhrif á

rekstur útgerðar frá Hvammstanga og rekstur Hvammstangahafnar. Þá leggur byggðarráð áherslu á að gildistími undanþágunnar verði til lengri tíma.

7. Sveitarstjóri lagði fram fréttatilkynningu Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga frá 2. september sl. Í tilkynningunni kemur m.a. fram að í störfum sínum hefur nefndin til hliðsjónar ýmiss viðmið til að leggja mat á fjárhagslega stöðu sveitarfélaga í landinu. Við það er miðað að til frekari skoðunar á fjármálum sveitarfélags komi þar sem heildarskuldir eru yfir 150% af heildartekjum í A-hluta reikningsskila sveitarfélags. Samkvæmt ársreikningum ársins 2009 eru 22 sveitarfélög með skuldir umfram 150% af heildartekjum A-hluta en 30 sveitarfélög þegar litið er bæði á A og B-hluta reikningsskilanna. Fréttatilkynningu nefndarinnar fylgja nokkrar fjárhagslegar upplýsingar úr A-hluta reikningsskila sveitarfélaga með 1000 íbúa og fleiri m.v. ársreikninga 2009. Þar kemur í ljós að fjárhagsstaða Húnaþings vestra er afar traust en heildarskuldir og skuldbindingar í hlutfalli af heildartekjum A-hluta 2009 er 50% í Húnaþingi vestra og er ekkert sveitarfélag með fleiri en 1000 íbúa með lægri skuldir og skuldbindingar. Þá eru heildartekjur A-hluta sveitarsjóðs á íbúa einnig hæstar í Húnaþingi vestra árið 2009. Heildarskuldir og skuldbindingar á íbúa í Húnaþingi vestra m.v. A-hluta sveitarsjóðs árið 2009 eru kr. 365.000- en einungis Eyjafjarðarsveit og Rangárþing eystra eru með lægri skuldir pr. íbúa af sveitarfélögum með fleiri en 1000 íbúa skv. ársreikningum ársins 2009. Byggðarráð lýsir yfir ánægju með trausta fjárhagsstöðu sveitarfélagsins en leggur áherslu á að óvissa er í rekstrarumhverfi sveitarfélaga m.a. vegna breytinga á tekjustofnum sveitarfélaga í kjölfar tilfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga svo og boðaðra breytinga á úthlutun fjáframlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:50

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi:

Elín Jóna Rósinberg.